



Myndheimur  
Visual World

# Brynhildur Þorgeirsdóttir

12. mars - 24. apríl 2005



## INNGANGUR

Brynhildur Þorgeirsdóttir er sjálfri sér samkvæm í lífi sínu og list; verk hennar hafa frá fyrstu tíð verið auðþekkanleg fyrir persónulegan stíl, sem einkennist öðru fremur af sterkri efniskennnd og tilvísunum í náttúruna í verkum hennar. Þó notar hún sjaldnast náttúruleg form í höggmyndum sínum; þau eru fremur stílfærð, skáldleg og ögrun við augu þess sem skoðar þau, en þó um leið afar persónuleg tjáning á sýn listakonunnar.

Brynhildur er þekkt fyrir notkun sína á steinsteypu, gleri og málm í verkum sínum sem annað tveggja rísa sem klettur eða fjöll úr umhverfi sínu, eða bíða gestsins sem óvænt óargadýr, með hvassa brodda og sperttar kryppur – líkt og spenntir bogar sem geta leyst kraft sinn úr læðingi hvenær sem er.

Það er enga málamiðlun að finna í listsköpun Brynhildar. Ef henni þykir viðfangsefnið kalla á miklar stærðir og efnisumfang, þá finnur hún einfaldlega leiðir til framkvæma hugmyndir sínar. Á sýningu hennar í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi fá gestir að kynna 'Myndheimi' sem svo sannarlega rís undir nafni; heill fjallgarður sem teygir sig upp í svartan himinn, myrkraverur skriða í átt til ljóssins í porti Hafnarhússins þar sem hvítur tindur hefur spröttið upp úr ljóstri steypunni. Það er líkt og náttúruöflin hafi tekið völdin. Sá frumkraftur sem einkennir íslenska náttúru, sem og túlkun listakonunnar á þeim öflum sem móta okkur öll með beinum og óbeinum hætti, er eftirminnileg ábending um þá orku, sem einnig felst í listinni í sinni sönnustu mynd.

Eiríkur Þorláksson  
Forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur


## INTRODUCTION

Brynhildur Þorgeirsdóttir is very consistent in her life and art; her works have from the beginning been recognizable for their personal style that is more than anything based on the strong feeling for materials and the reference to nature in her works. Yet she rarely uses natural forms in her sculptures; they are rather stylized, poetic and provocative in the eyes of the viewer, but at the same time represent a very personal expression of the artist's vision.

Brynhildur is known for her use of concrete, glass and metal in her works that either rise like cliffs or mountains from their surroundings, or await the viewer as alarming, fierce animals with their sharp pricks and humped backs – like drawn bows that can release their energy at any time.

There is no compromise to be found in the artistic creations of Brynhildur. If she thinks that her subjects require great size and material volume, she simply finds ways to make that happen. In her exhibition at the Reykjavík Art Museum – Hafnarhús guests are introduced to a 'Visual World' that certainly deserves that name; a whole mountain range rises up into a black sky, creatures of the dark crawl towards the light in the Hafnarhús courtyard where a white peak has risen from the light concrete. It is as if the forces of nature have taken over. The primeval strength that characterizes Icelandic nature, as well as the artist's interpretation of the powers that shape us all in direct and indirect ways are a memorable indication of the force, that can also be found in art in its truest form.

Eiríkur Þorláksson  
Director Reykjavík Art Museum





## Í GEGNUM HREINSUNARELDINN

Brynhildur Þorgeirsdóttir vakti samstundis mikla athygli þegar hún kom fram með skúlptúra sína fyrir um tveimur áratugum. Kraftmikil vinnubrögð og óvenjuleg efnasamsetning sands og glers, dularfullar og lifrænar figúrur eða sterk, óhlutbundin form kölluðust á innbyrðis og við áhorfandann. Það er varla ofmælt að hún hafi slegið í gegn. Og allt frá upphafi hefur Brynhildur haldið sínu striki í listinni, þróað og fágað verk sín og efnistöð, gert nýjar uppgötvunir, gefið ótal stytturnar lif. „Ég er styttingararkona“ segir hún sjálf, umkringd skúlptúrum sem helst minna á lifandi verur, hvort sem er í formi eldfjalla, kvenkyns eða karlkyns steina eða litfagurra furdudýra sem sloppið hafa í gegnum hreinsunareld glersteypunnar.

Vinnuaðferð Brynhildar býr yfir fegurð og sköpunarkrafti sem leiða hugann að efnahvörfum náttúrunnar þegar gler verður til. Sandur verður gler, myrkur verður ljós, matt, ógegnsætt efni fyllist birtu. Slíkur er mikrókosmos eða smáheimur verka Brynhildar. Nú hefur hún yfirfært þessa umbreytingu yfir í makrókosmos, hinn stóra heim. Myrkur verður ljós, í gegnum myrkrið liggur leiðin til ljóssins og ef til vill finnum við á endanum fullkomið jafnvægi og fegurð. Á sýningu sinni í Hafnarhúsinu leiðir Brynhildur áhorfandann í gegnum myrkrið. Á leið okkar eru fjöllin vegvísar og í fjarska sjáum við ljósið. Frá alda öðli hefur leið mannsins til þekkingar og uppljómunar legið í gegnum undirdjúp sálarinnar, hér endurspeglar Brynhildur þessa vegferð, í gegnum helvíti og undirdjúpin skreiddast furduverur og leita birtunnar. Kannski er þetta myrkur líka skammdegið sem við erum rétt í þann mund að skreiddast út úr, í átt að kærkominni birtu.

Fjöll Brynhildar vísa í senn til fjallanna sem eru vegvísar okkar á ferð um landið og ævagamalla minna. Frá fornu fari hefur

hugmyndin um fjall fyrir miðju jarðar lifað með mannum og sagnir um fjall sem tengir himinn og jörð verið til í ýmsum trúarbrögðum. Í gullgerðarlist er að finna hugtakið fjall heimspekinnar og fjall lífsins. En fyrst og fremst eru fjöllin í Hafnarhúsinu íslensk fjöll sem bera nöfn íslenskra smíða einna, þau eru fjöll sem verða veginn. Það má einnig líta á sýningu Brynhildar sem landslagsstemningu undir áhrifum frá svörtum Sprengisandi og hvítum jökli en „þar ríkir fegurðin ein“ eins og Laxness orðaði það. Brynhildi tekst áreynslulaust að sameina tilvísanir í aldagama hefð, vinna á nýstárlegan máta með íslenskt landslag og skapa dularfullan heim sem umlykur áhorfandann fyrst og fremst á skynrænan og tilfinningalegan hátt, er sjónræn og efirminnileg upplifun rétt eins og náttúra landsins.

Við leiðarlok mæta jafnvægi og kyrrð áhorfandanum. Í Japan hefur sérstök garðagerð tíðkast allt frá 7. öld. Eitt form þessara garða er steinagarður, þar sem steinaþyrpingum er komið fyrir á sandi. Brynhildur visar hér í þessa hefð og byggir á þekkingu og reynslu af dvöl sinni í Japan þegar hún kemur glerskúlptúrum fyrir á sandfleti. Allt frá tímum Shinto-trúar og undir áhrifum síðari tíma Búddisma hafa þættir við mótun japanska garðsins vísað til hugmynda í trúnni, til náttúrunnar ásamt því að leitast við að skapa jafnvægi. Steinarnir standa oftar en ekki sem tákni fyrir fjöll. Það má túlka garð Brynhildar sem leit mannsins að jafnvægi í náttúrunni en svo er líka hægt að leyfa sé einfaldlega að njóta, samspils efnis, forma og líta.

Sýningin í Hafnarhúsinu er ákveðið skref á listferli Brynhildar Þorgeirsdóttur. Skúlptúrar hennar hafa ávallt verið mjög persónulegir en líka í takt við strauma og stefnur í listum samfímans. List hennar og efnisnotkun enduróma einnig verk td. Sigurjóns Ólafssonar og Gerðar Helgadóttur. Núna stífur Brynhildur stærra skref en áður í að skapa stytturnar sínum heildarumhverfi,

umhverfi sem ekki aðeins bergmálar innra líf verka hennar heldur vísar til stærra samhengis í sögulegum, heimspekilegum og trúarlegum skilningi. Vinnuaðferðin er í anda samfíma-listamanna á borð við brasilíska listamanninn Helio Oiticica, kvikmyndagerðarmanninn Peter Greenaway, Dan Graham, Ólaf Eliasson eða Matthew Barney sem allir hugsa stórt og hika ekki við að umbreyta heilum listasöfnum eins

hendi sé veifað. Skúlptúrar Brynhildar njóta sín enn betur fyrir vikið, umhverfið magnar upp þeirra innra líf. En um leið lifir hver og einn þeirra sjálfstæðri tilvist og ef til vill bíða verk hennar þess með óþreyju að sleppa út í heim þar sem þau gæða líf áhorfandans dulúð og fegurð til frambúðar.

Ragna Sigurðardóttir



Bestu þakkir: Anna & Sveinn, Sigurbjörn Ó. Ágústsson, Helgi Eiríksson, Gunnar Borgarsson, Ina Salóme, feðgarnir í Íslandi, Steinsmiðja S. Helgason og Steinunn Sigurðardóttir

Langbestu þakkir: Óskar Jóhannsson, Sigríður Guðlaugsdóttir og Helgi Örn Pétursson

Ljósmyndir / Photographs: Rut Hallgrímsdóttir og Christopher Lund

Samstarfsaðilar: Einingaverksmiðjan ehf., Lumex og Fagraf



EININGAVERKSMÍDJAN

## THROUGH PURGATORY

Brynhildur Porgersdóttir received immediate attention when her sculptures first appeared some two decades ago. Intense working methods and the unusual combination of sand and glass, mysterious, organic figures or powerful, detached forms that engaged in dialogue with each other and the viewer. They were an instant success. And from the beginning Brynhildur has maintained that momentum in her art, developed and refined her sculptures and working methods, made new discoveries, given life to innumerable statues. "I'm a statue maker," she says, surrounded by sculptures reminiscent of living creatures, whether in the shape of volcanoes, rocks that are either male or female, or colourful creatures that have emerged through the cleansing fire of the glass moulding process.

Inherent in Brynhildur's method of working is the beauty and energy that remind us of nature's chemical processes in the creation of glass. Sand becomes glass, darkness becomes light, matted, oblique material is illuminated. Such is the microcosm of Brynhildur's art. Now she has shifted this transformation to a macrocosm, the larger world. Darkness becomes light, the way to the light leads through the darkness and perhaps in the end we will discover perfect balance and beauty. In her exhibition at Hafnarhús Brynhildur leads the viewer through the darkness. The mountains are our guideposts along the way and in the distance we see the light. From the beginning of time, man's path to knowledge and enlightenment has lain through the depths of the soul. Here Brynhildur mirrors this journey through hell and the underworld, where strange creatures





crawl and search for light. Perhaps the darkness is also symbolic of the midwinter darkness that we are about to emerge from, into the eagerly awaited light.

Brynhildur's mountains refer to the mountains that are our guide-posts on our journeys around this country, and also to ancient symbols. From primeval times mankind has lived with the myth of the mountain at the centre of the earth, and tales of the mountain that links heaven to earth have existed in different religions. Alchemy contains the concepts of the mountain of philosophy and the mountain of life. Yet first and foremost, the mountains at Hafnarhús are Icelandic mountains bearing the names of their Icelandic builders; they are mountains that lead us on our way. Brynhildur's exhibition can also be viewed as an atmospheric landscape influenced by the black Sprengisandur sands and white glaciers, where "beauty alone reigns", as Halldór Laxness put it. She effortlessly manages to combine references to an age-old tradition, modern ways of working with the Icelandic landscape, and to create a mystical world that envelops the viewer primarily in a sensual and emotional way. It is a visual experience, and it is as memorable as Iceland's nature.

At the journey's end, the viewer finds balance and serenity. In Japan, a special tradition in landscaping gardens has prevailed from the 7th century. One of these relates to a rock garden, in which clusters of rocks are arranged on sand. Here Brynhildur makes reference to this tradition when she places glass sculptures on a sandy surface, building on her knowledge and the experience of her stay in Japan. From the period of the Shinto faith and under the influences of latter-day Buddhism, aspects of the Japanese gardens have made reference to religious doctrines and to nature, as well as attempting to create balance. More often than not, the rocks symbolize mountains. One

could view Brynhildur's garden as a token of man's search for balance in nature. Or one can simply enjoy the interplay of material, form and colour.

The exhibition in the Hafnarhús gallery is a definitive step in Brynhildur Þorgeirsdóttir's artistic career. Her sculptures have always been very personal, yet also in line with trends and movements in modern art. Her work and her use of materials also echo the work of such sculptors as Sigurjón Ólafsson and Gerður Helgadóttir. Now Brynhildur takes a greater step than ever before in creating a total environment for her sculptures, an environment that not only reflects the inner life of her works but also makes reference to a broader historical, philosophical and theological context. Her method of working is in the spirit of contemporary artists such as the Brazilian Helio Oiticica, filmmaker Peter Greenaway, Dan Graham, Ólafur Eliasson or Matthew Barney, who all think big and do not hesitate to transform entire art galleries for the sake of their exhibitions. Brynhildur's sculptures are even more beautiful as a result; the environment amplifies their inner life. Yet at the same time each exists independently, perhaps waiting impatiently to escape to a world where they can infuse the life of the viewer with mysticism and beauty for years to come.

Ragna Sigurðardóttir



Opnunartími í Hafnarhúsi og á  
Kjarvalsstöðum alla daga 10-17.  
Opnunartími í Ásmundarsafni  
maí-september 10-16 og október-  
apríl 13-16.

Aðgöngumiðinn gildir samdægurs  
í öll húsin. Alla sunnudaga kl. 15  
er ókeypis leiðsögn í Hafnarhúsinu.

Hafnarhus and Kjarvalsstaðir are  
open every day from 10 am-5 pm.  
Asmundur Sveinsson Sculpture  
Museum - Asmundarsafn is open  
May-Sept. 10 am-4 pm and  
October-April 1 pm-4 pm.

The entrance ticket is valid the same  
day for all three museums. Guided  
tours are available upon request.

Listamannspjall Brynhildar verður í fjölnotasal  
Hafnarhússins sunnudaginn 10. apríl klukkan 15.

ICELANDAIR 

Brynhildur gives a talk on her art and the installation  
in Hafnarhús, Sunday, April 10 at 3 pm. - In Icelandic.

